

Nd. **115. Frumvarp til laga** **[70. mál]**
um breyting á lögum nr. 43 13. nóv. 1903, um vörumerki.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Á eftir 1. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:
Heiti, er notuð eru sem vörumerki samkvæmt 1. gr., skulu vera rétt mynduð að lögum íslenzkrar tungu, að dómi heimspekideildar Háskóla Íslands.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:
Vörumerkjaskrá skal haldin í Reykjavík fyrir land allt af skráritara, er ráðherra skipar. Um laun skráritara og ritfé fer eftir ákvæðum fjárlaga.

3. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú vill maður fá vörumerki skrásett, og skal hann þá afhenda eða senda skráritara í ábyrgðarbréfi tilkynningu um það. Skal í henni standa greinileg lýsing á merkinu og skýrsla um nafn eða firma tilkynnanda, atvinnuveg og heimilisfang. Eigi vörumerkið eingöngu að ná til ákveðinna vörutegunda, skulu þær og tilgreindar.

Tilkynningu skal fylgja:

1. Mynd af merkinu á sterkum pappír í 3 eintökum, eigi stærri en 10 sentimetrar (3.82 þumlungar) á hæð og 15 sentimetrar (5.74 þumlungar) á breidd.
2. Tvö mót (kliché) jafnstór myndinni til að prenta hana eftir.
3. Gjald samkvæmt lögum nr. 40 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, fyrir skrásetningu vörumerkis og auglýsingu hennar.
4. Umsögn heimspekideildar Háskóla Íslands um það, að heiti, er nota á sem vörumerki, sé rétt myndað að lögum íslenzkrar tungu.

Skráritari skal, svo fljótt sem kostur er á, afhenda tilkynnanda eða senda honum skriflega viðurkenningu fyrir móttöku tilkynningarinnar og nefna dag og stund, er hann fékk hana. Festa skal við viðurkenninguna eitt eintak vörumerkisins.

4. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Vörumerki skal eigi skrásetja:

1. Ef það einungis er tölustafir, bókstafir eða orð, er ekki hafa þannig lag, að þau megi teljast mynd.
2. Ef heiti, er nota á sem vörumerki, samrýmist ekki réttum reglum íslenzkrar tungu, að dómi heimspekideildar Háskóla Íslands.
3. Ef í því er heimildarlaust nafn eða firma annars en tilkynnanda eða nafn á fasteign annars manns.
4. Ef í því eru opinber merki, svo sem skjaldmerki.
5. Ef í því stendur nokkuð, er getur valdið hneyksli.
6. Ef það er alveg eins og vörumerki, sem þegar hefur verið skrásett fyrir aðra eða tilhlýðilega tilkynnt til skrásetningar, eða er svo líkt því, að hætt sé við að villast á merkjunum yfirleitt, þótt ólík séu í einstökum atriðum. Þó skal eigi neita um skrásetningu, ef líkingin er fólgin í táknum þeim og merkjum, sem getur um í 9. gr., eða ef merkin eiga að vera hvort fyrir sína vörutegund.

5. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Ef synjað er um skrásetningu, skal gera tilkynnanda skriflega viðvart, samkvæmt 4. gr., um synjunina og ástæður fyrir henni.

Ef tilkynnanda þykir úrskurðurinn heimildarlaus, getur hann leitað úrskurðar dómstóla um málið.

6. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Vernd fyrir skrásett vörumerki fellur burt, þegar tilkynning um endurnýjun á því er eigi gerð fyrsta sinn innan 10 ára frá skrásetningardegi og síðan innan 10 ára frá næstu endurnýjun á undan. Skráritari skal að minnsta kosti 4 mánuðum áður en frestir þessir eru liðnir gefa þeim, sem merkið hefur verið skrásett fyrir, eða umboðsmanni hans (sbr. 16. gr.), vísbendingu í ábyrgðarbréfi um, að vernd á vörumerkinu falli burt, ef endurnýjuð tilkynning er ekki gerð í tækan tíma. Bréfið sendist til þess staðar hér á landi, er hlutaðeigandi hefur tilnefnt.

Nú vill einhver endurnýja skrásetningu, og skal hann þá afhenda eða senda skriflega tilkynningu, samda samkvæmt 4. gr., og láta henni fylgja mynd eins og þá,

sem þar er fyrirskipuð, og skrásetningargjald samkvæmt lögum nr. 40 1954, um aukatekjur ríkissjóðs. Ef merkið hefur verið skrásett fyrir einhvern annan en þann, sem beiðist endurnýjunar, skulu jafnframt færðar sönnur fyrir rétti beiðanda til merkisins. Endurnýjun skal rita í skrána, svo fljótt sem verða má, og skal beiðanda gefin viðurkenning, eins og fyrirskipað er í 4. gr., fyrir tilkynningu um nýtt merki.

Ef skráritara þykir tilkynningu að einhverju leyti ábótavant, eða ekki fullnægt ákvæðum 2. greinar, skal hann synja um endurnýjun merkisins, og fer um þá synjun og kæru út af henni eftir ákvæðum 7. gr.

7. gr.

- a. 1. málsg. 11. gr. laganna falli burt.
- b. Í stað orðanna „samkvæmt 5. gr. nr. 5“ í 3. málsg. 11. gr. komi: samkvæmt 6. tölulið 6. gr.

8. gr.

Í stað orðanna „í 7. gr.“ í 12. gr. laganna komi: í 8. gr.

9. gr.

Í stað orðanna „100 kr. til 2000 kr.“ í 13. gr. laganna komi: 1000 kr. til 20000 kr.

10. gr.

Í stað orðanna „13. greinar“ í 14. gr. laganna komi: 14. greinar.

11. gr.

- a. Upphaf 15. gr. laganna orðist svo:
Samkvæmt úrskurði ráðherra má einnig veita vernd þá o. s. frv.
- b. Í stað orðanna „með konunglegri tilskipun“ í 2. málsg. 15. gr. laganna komi: samkvæmt úrskurði ráðherra.
- c. Í stað orðanna „samkvæmt 5. gr. nr. 5“ í 6. tölulið 15. gr. laganna komi: samkvæmt 6. tölulið 6. gr.
- d. Í stað orðanna „11. gr. 3. málsg.“ í niðurlagi 15. gr. laganna komi: 12. gr. 2. málsg.

12. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Með reglugerð, er ráðherra setur, skal kveða nánara á um fyrirkomulag vörumerkjaskrárinnar og hvernig hún skal haldin, um auglýsingar samkvæmt lögum þessum og um reikningsskil fyrir gjöldum, sem innheimt eru samkvæmt þeim.

13. gr.

Í stað orðanna „13. gr. 2. málsg.“ í 17. gr. laganna komi: 14. gr.

14. gr.

Í stað orðanna „2 kr. gjald til landssjóðs“ í 18. gr. laganna komi: gjald samkvæmt lögum nr. 40 1954, um aukatekjur ríkissjóðs.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

16. gr.

Þegar lög þessi hafa verið samþykkt, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 43 13. nóv. 1903 og gefa þau út svo breytt með fyrirsögninni: vörumerkjälög.

Greinargerð.

Lög nr. 43 frá 1903 um vörumerki hafa verið í gildi meira en fimmtíu ár án breytinga. Sökum mikilla breytinga á stjórnarháttum íslenska ríkisins á hálfri öld geta sum ákvæði þeirra ekki samrýmzt þeim stjórnarháttum, sem nú eru, svo sem ákvæði laganna um konunglega tilskipun í sambandi við umsóknir frá erlendum aðilum um skrásetning vörumerkja, um úrskurð landshöfðingja um viss ágreiningsatriði, um gjöld fyrir skrásetningu vörumerkja o. fl. Það er því tímabært að taka þessi lög til endurskoðunar.

Með frumvarpi þessu eru ýmis ákvæði þessara laga færð til samræmis við það, sem nú er í framkvæmd. En meginefni þessa frv. felst í 1. gr. þess og er nýmæli. Það er, að heiti, er notuð eru sem vörumerki, skulu vera rétt mynduð að lögum íslenskrar tungu, að dómi heimspekideildar Háskóla Íslands.

Íslensk tunga er fjöregg þjóðarinnar. Þjóðin öll þarf að vera vel á verði um það að glata henni ekki né spilla. Og löggjafinn á að veita aðhald í þessu efni, eftir því sem við verður komið með lagasetningu og líklegt er til árangurs. Eins og nú er háttað vali og skrásetningu vörumerkja, skortir mjög á, að þau heiti, sem íslenskir aðilar taka upp sem vörumerki og skrásett eru og auglýst af íslenskum stjórnarvöldum, samrýmist réttum reglum íslenskrar tungu, þó að slík heiti fái þegnrétt í málinu, bæði mæltu máli og rituðu — t. d. í auglýsingum — um leið og vörumerkin eru löggilt.

Eðlilegt er að láta heimspekideild Háskóla Íslands hafa úrskurðarvald í þessu efni og fela þeirri háskóladeild forgöngu um myndun nýyrða fyrir vörumerki.